

## Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4624477 8545350 bréfsími 4627144

Árið 2002 þriðjudaginn 15. október kl. 1.30 e.h. kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 5. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn. Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps óskar eftir tímabundnu leyfi byggingarnefndar til 2ja ára, að flytja hundagóthús frá Nolli og setja niður á lóð nr. 7 við Lækjarvelli á Grenivík. Húsinu á að breyta og nota í tengslum við leikskólann á Lækjarvöllum 5.

Meðfylgjandi er afstöðumynd frá Arkitekta- og verkfræðistofu Hauks ehf. og ófullgerð teikning að fyrirhugaðri breytingu á húsinu.

Ekki liggur fyrir leyfi Skipulagsstofnunar, né grendarkynning og skila þarf inn fullnum teikningum, ef af framkvæmd verður.

Byggingarnefnd getu fallist á að húsið verði flutt, en lítur svo á að um algjöra bráðabirgðarlausn sé að ræða, enda mun hús þetta ekki passa inn í þá byggð sem fyrir er og leggur nefndin áherslu á að það verði fjarlægð þegar umbeðið leyfi rennur út.

2. Erindi frá Þórði R. Þórðarsyni Hvammi Arnarneshrepp. Hann sendir inn tillöguteikningu undirritaða að Tómasi Búa Böðvarssyni, um breytingu á hlöðu í fjós með legubásun og átplássi ásamt aðstöðu fyrir heyrúllur. Einnig er gert ráð fyrir lítilli viðbyggingu vestan við hlöðuna með haughúsi undir fyrir dælingu á mykju.

Óskað er eftir heimild til jarðvegsskipta og undibúnings framkvæmda og verðu nefndin við þeirri ósk.

Álit byggingarnefndar er miðað við framlagðar tillöguteikningar, að frávik (lengd bása) frá viðmiðunarstærðum í reglugerð nr. 438/2002, um aðbúnað nautgripa, sé of mikil og leggur til að uppdráttum verði breytt. Ennig vísar nefndin til bréfs dags. 15.10.2002 frá Ólafi Valssyni héraðsdýralækni, en byggingarfulltrúi óskaði umsagnar hans á tillöguteikningunum.

Koma þarf betur fram á teikningum hvar aðgengi að mjaltabás sé í gegnum eldra fjós.

3. Erindi frá Sigmundi K. Rikarðssyni. Hann sækir um leyfi fyrir 5,6 m<sup>2</sup> geymslu, viðbyggingu við gamalt íbúðarhús (notað sem frístundahús) að Austurvegi 10 Hrísey samkvæmt meðfylgjandi teikningarskissum óundirrituðum.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

4. Tekið fyrir bréf dag. 10. sept. 2002 undirritað af Bjarna Kristjánssyni sveitarstjóra Eyjafjarðarsveitar. Óskað er umsagnar byggingarfulltrúaembættisins á meðfylgjandi tillögu að deiliskipulagi og greinargerð í landi Kropps Eyjafjarðarsveit.

Tölverðar umræður urðu um skipulagstillöguna, en hún gerir ráð fyrir bæði íbúðar- og frístundabyggð sem nær yfir nokkuð stórt landsvæði. Ákveðið var, að byggingarnefnd færi í vettvangsferð síðar að Kroppi, til að skoða landið sem deiliskipulagið nær yfir og frestaði afgreiðslu að sinni.

5. Byggingarfulltrúi upplýsti nefndarmenn um nokkur mál m.a. hús (Byko og Húsasmiðjuhús) sem hafa verið byggð án leyfis og fyrirmælum hans um að skila inn tilskildum gögnum, hefur ekki verið sinnt.

Byggingarnefndin lagði áherslu á að úr þessu yrði bætt og fól byggingarfulltrúa að ítreka kröfur til þeirra aðila sem brotlegir væru, um að skila inn tilskildum gögnum. Að öðrum kosti yrði að grípa til aðgerða sem fram koma í VI. kafla skipulags- og byggingarlaga; sem fjallar um þvingunarúrræði og viðurlög.

Fleira ekki gert og fundi slitið, kl. 5 síðdegis.

Hreiðar Hreiðarsson

Klængur Stefánsson   Hermann Jónsson

Kristján Kjartansson

Bragi Pálsson

Jósavin Gunnarsson